

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitningar- og bílskúra greiðist eftir reikningi. Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 4 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 4 000.00 á skrifstofum Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 20% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir
Suður-Múlasýslu nr. 320 22. desember 1969.

1. gr.

20. gr. orðist þannig:

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Í þéttbýli (kaupúnum sýslunnar) má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 50 km miðað við klukkustund.

2. gr.

42. gr. fellur niður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.